

411. fundur fræðslunefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 14. nóvember
2019 og hófst hann kl. 08:10.

Fundinn sátu:

Hafðís Gunnarsdóttir formaður, Kristján Þór Kristjánsson varaformaður, Jónas Þór Birgisson aðalmaður og Nanný Arna Guðmundsdóttir aðalmaður.

Embættismenn:

Guðrún Birgisdóttir, skóla- og sérkennslufulltrúi og Stefanía Helga Ásmundsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs.

Fundargerð ritaði: Guðrún Birgisdóttir, Skóla- og sérkennslufulltrúi.

Áheyrnafulltrúar fyrir grunnskólamál: Harpa Henrysdóttir, fulltrúi kennara.
Áheyrnafulltrúar fyrir leikskólamál: Ingibjörg Einarsdóttir, fulltrúi stjórnenda og Jóna Lind Kristjánsdóttir, fulltrúi starfsmanna.

Dagskrá:

1. Verkefnalisti fræðslunefndar - 2014030064

Lagður fram verkefnalisti fræðslunefndar.

Gerð var grein fyrir hver staðan væri á þeim verkefnum sem liggja fyrir og eru í vinnslu.

2. Birting fylgiskjala fundargerða á vef Ísafjarðarbæjar - verklagsreglur 2018 - 2018100068

Þórdís Sif Sigurðardóttir, bæjarritari, mætir til fundar til að ræða birtingu fylgiskjala með fundargerðum.

Umræður fóru fram.

Gestir

Þórdís Sif Sigurðardóttir - 08:47

3. Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2019 - 2019010030

Lagður fram tölvupóstur Sigrúnar Helgu Sigurjónsdóttur f.h. nefndasviðs Alþingis, dagsettur 25. október sl., þar sem Ísafjarðarbæ er sent til umsagnar frumvarp til laga um grunnskóla (ritfangakostnaður), 230. mál. Umsagnarfrestur er til 15. nóvember nk.

Bæjarráð tók erindið fyrir á 1080. fundi sínum 28. október sl. og vísaði því til umsagnar í fræðslunefnd.

Fræðslunefnd Ísafjarðarbæjar fagnar að þetta frumvarp sé komið fram, enda hefur Ísafjarðarbær viðhaft þetta verklag síðustu ár. Það skal þó tekið fram að þegar ríkið setur lög sem hafa íþyngjandi áhrif á rekstur sveitarfélaga þá ætti almennt að fylgja með fjármagn.

4. Ytra mat á leikskólunum Grænagarði og Laufási - 2019070007

Lögð fram umbótaáætlun leikskólans Grænagarðs á Flateyri vegna ytra mats sem unnið var á vegum Menntamálastofnunnar fyrir mennta- og menningamálaráðuneytið og Ísafjarðarbæ.

Lagt fram til kynningar.

5. Skóladagatöl skólaárið 2019-2020 - 2019040008

Lagt fram nýtt leikskóladagatal fyrir leikskólann Laufás Þingeyri.

Lagt fram til kynningar.

6. Leikskólamál í Skutulsfirði - 2017050131

Lagt fram minnisblað Guðrúnar Birgisdóttur skóla- og sérkennslufulltrúa er varðar biðlista eftir leikskólavist á leikskólunum í Skutulsfirði.

Fræðslunefnd lýsir yfir ánægju með að þann 1. nóvember sé ekkert barn eldra en 13 mánaða á biðlista eftir leikskólavist í Ísafjarðarbæ.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl.

Hafdís Gunnarsdóttir

Kristján Þór Kristjánsson

Jónas Þór Birgisson

Nanný Arna Guðmundsdóttir

Guðrún Birgisdóttir

Stefanía Helga Ásmundsdóttir